



**Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009**

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. [sveitarstjorn@myv.is](mailto:sveitarstjorn@myv.is)

## **Fundargerð Landbúnaðarnefnd 8. fundur**

Fundur haldinn í Landbúnaðarnefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps, miðvikudaginn 11. júní 2008 kl: 20:00.

Mættir: Birgir V. Hauksson, Halldór Árnason, Sólveig Hinriksdóttir, Sigurður Böðvarsson boðaði forföll.

### **1. Fundarsetning**

Formaður setti fund og skipaði Halldór sem fundarritara.

### **2. Áburðardreifing á Austurafrétti sumarið 2008**

Samkvæmt landbótaáætlun 2007-2010 skulu landnýtendur á Austurafrétti bera á 50 tonn af áburði ár hvert.

Landbúnaðarnefnd útbjó áætlun sumarið 2007 og ákvað þá að deila áburðinum niður á fé til fjallskila skv. gagnaseðli fyrra árs, þó þannig að þeir aðilar sem eiga fátt fé fari að jafnaði annað hver ár en hinir á hverju ári. Sumarið 2006 var dreift 10 tonnum af áburði í Mellöndin, það gerði Gunnar Rúnar Pétursson og Félagsbúið Vogum 3, tekið er tillit til þess við úthlutun sumarið 2007 og 2008.

Landbúnaðarnefnd fór yfir áætlunina sem gerð var sumarið 2007 og endurbætti eftir þörfum.

Landnýtendum á Austurafrétti verður sent bréf, ásamt áætlun um hvernig áburðardreifingu skuli háttað sumarið 2008.

### **3. Önnur mál.**

Ákveðið að skrifa bréf til landeigenda Reykjahlíðar til að fá leyfi til að setja upp aðhald við Sveina.

Nauðsynlegt er að koma þessu aðhaldi upp fyrir fyrstu göngur á Austurafrétti. Halldór Árnason tók að sér að hafa forgöngu um að aðhaldið verði girt, þ.e. ef leyfi fæst fyrir því.

Fleira ekki gert og fundi slitið  
Birgir V. Hauksson  
Halldór Árnason  
Sólveig E. Hinriksdóttir

